

ljettir af Skarðspingum verður tekin ákvörðun um, hvort eða að hve miklu leyti Staðar- **99**
fellsókn skuli taka þátt í að greiða eptirlaun uppgjafaprestsins í Hvammsprestakalli. **11. maí.**

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um **100**
endurborgun fjárkláðaláns. — Með því að alþingi hefir í hinum almennu tillögum við- **13. maí.**
víkjandi landsreikningunum 1878—79, sem prentaðar eru í alþingistíðindunum 1881, I,
549.—550. bls. samþykkt undir 6. tölulíð:

«að gengið verði eptir því, að skyndilán til suðuramtsins út af fjárkláðanum
verði tafarlaust endurborgað, ef það hefir eigi þegar átt sjer stað»,
skal jeg hjer með þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að gjöra ráðstafanir
þær, er nauðsynlegar eru, til þess að tjeð lán verði án frekari undandrættar heimt að
þeim, er hlut eiga að máli, og greitt viðlagasjóðnum.

Í sambandi við þetta skora jeg á yður, herra amtmaður, að annast um, að sýslu-
nefndin í Borgarfjarðarsýslu samkvæmt lögum um endurborgun á skuldakröfum lands-
sjóðs 4. nóvbr. 1881, 2. gr., gefi út skuldabrief til viðlagasjóðs fyrir þeim hluta af þessu
bráðabyrgðaláni, sem sú sýsla er skuldug sjóðnum um, og sem nemur 955 kr. 19 aur.,
og skal skuld þessi endurgoldin með 6%o, eða 57 kr. 31 e. árlega í 28 ár, og það á þann
hátt, að þessa síðastnefndu upphæð beri að greiða innan ársloka ár hvert, fyrsta sinn
innan 31. desember 1882. Því næst ber að senda mjer skuldabrief þetta.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um vísindalega heimskauts- **101**
rannsókn. — Sendiherra Austurríkiskeisara og Ungverjakonungs hjer í bönum hefir tjáð **13. maí.**
utanríkisráðgjafanum, að Austurríkistjórn ætli að gjöra út vísindamenn til heimskauts-
rannsókna og senda þá til eyjarinnar Jan Mayen, ef ís leyfir, að þeir geti náð þar landtöku
en ella til Grimseyjar, og eigi þá sendinefndin að dvelja þar í 14 mánuði; kveður hann
flutningsskipið «Pola», sem heyrir til herskipaflota keisarans eiga að leggja af stað með
sendinefndina, og heppnist skipinu að koma henni á land á Jan Mayen, þá muni það hleyppa
inn til Reykjavíkar, að líkindum í júlímánaðarlok og setja þar á land Wilezek greifa og
dvelja þar stutta stund. Hefir sendiherrann mælt til, að lagt verði fyrir yfirvöldin á Íslandi
að láta sendinefndinni aðstoð þá í tje er kynni að vera þörf á. Af þessu efni er þjón-
ustusamlega mælt til þess við yður, herra landshöfðingi, að yður mætti þóknast að gjöra
ráðstafanir til, að yfirvöldin aðstoði sendimenn þessa á þann hátt, er við á og hagkvæmt
er, bæði ef til þess kemur, að þeir setjast að, og svo meðan þeir dvelja í Grimsey, og eins
meðan flutningsskipið dvelur í Reykjavík.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austurumdæminu um **102**
aukamanntalsþing. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, felst jeg á, að sýslu- **15. maí.**
maðurinn í Skagafjarðarsýslu haldi eptirleidis sjerstakt manntalsþing að Reynistað fyrir
Staðarhrepp, og er þetta samþykki bundið því skilyrði, að hreppsnefndin í þessum hreppi
sjái um, að til verði á þessum stað tilhlýðilegt hús til þinghalds. Með þessari ákvörð-
un er engin breyting gjörð á hinni fornu Seilupinghá sem dómsþinghá.

Þetta er tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstöf-
unar.